



# Fréttabréf Brekkuskóla

9. október 2009  
2. tbl. skólaárið 2009 - 2010  
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Þessa dagana erum við að kynna nýjar samskipta- og umgengnisreglur og hvaða mörk við setjum um hegðun. Reglurnar eru grundvallaðar á leiðarljósi Brekkuskóla - MENNTUN - GLEÐI - UMHYGGJA - FRAMFARIR en einnig á hugmyndafræði uppbyggingastefnunnar sem við höfum áður kynnt grunnin að í fyrri tölublöðum Fréttabréfsins. Olweusarverkefnið gegn einelti er einnig lagt til grundvallar.

Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfstjórn, sjálfsgæta og eflir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja upp einstaklinginn, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

Birting þessara reglna er í rafrænu formi, en einnig hefur starfsfólk fengið hann afhentan til stuðnings í starfi. Nálsgast má reglurnar á vef skólans.

Morgunmóttökurnar fara af stað síðari hluta októbermánaðar en fyrir þá sem eru nýir í skólasamfélaginu okkar þá eru það óformlegar móttökur í matsal og kennslustofum nemenda.

Vetrarfrí er framundan hjá okkur, en fljótlega upp úr því verður farið af stað með mat á miðri önn og nemendaviðtöl. Mat á miðri önn er nýtt af nálinni hjá okkur, en þá meta nemendur og kennarar námsframvindu nemandans í hverri námsgrein og svara spurningum er varða skólastarfið.

Comeniusarverkefnið okkar er enn í fullum gangi, en nú ætla íþróttakennarar og fleiri að leggja fyrir nemendur verkefni sem tengjast því. Niðurstöðuna fara kennarar með til Englands í nóvember og hitta og ræða við kollega sína frá samstarfslöndunum fimm. Vefsíðu verkefnisins er að finna á vef skólans undir [www.brekkuskoli.is/comenius](http://www.brekkuskoli.is/comenius). Meginþema verkefnisins er matur, matarvenjur og hreyfing.

Einnig má geta þess að við höfum fengið vilyrði fyrir styrk fyrir nemendaskiptum við spænskan skóla og er sú vinna í undirbúningi.

Framundan er því nóg um að vera og mikið líf og fjör í skólastarfinu. Sjáumst í skólanum!

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

## Ball fyrir 8.– 10. bekk



Hvenær?

Föstudaginn 30. okt. kl.08:00 - 11:30

Hvar? Í sal Brekkuskóla

Hver heldur það? 10. bekkur

Á ég? **JÁ**

## Framundan...

**20. október**  
Morgunmóttaka hjá 6. bekk

Óformleg móttaka foreldra kl.8:00.  
Morgunkaffi í matsal og opnar  
kennslustofur.

**22 október**  
Morgunmóttaka hjá 5. bekk

Óformleg móttaka foreldra kl.8:00.  
Morgunkaffi í matsal og opnar  
kennslustofur.

**26. - 27. október**  
Vetrarfrí

**28. október**  
Starfsdagur. Frí hjá  
nemendum.

**Fristund lokuð.**

**1. nóvember**  
Mat á miðri önn.  
Leiðsagnarmat í  
mentorkerfinu sem kennarar  
og nemendur fylla út ásamt  
foreldrum lokar á miðnætti.

**Nemendaviðtöl**  
Nemendaviðtöl fara fram á  
skólatíma seinni hluta  
október og í byrjun  
nóvembermánaðar.



5. - 10. bekkur í kirkjutróppunum

## Brekkuskóli

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brekkuskolii.is](http://www.brekkuskolii.is)  
[brekkuskoli@akureyri.is](mailto:brekkuskoli@akureyri.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Möguleikamiðstöðin í Rósenborg

Í næsta nágrenni við skólann, nánar tiltekið í Punktinum sem er til húsa í gamla Barnaskóla Akureyrar, er að finna fjölbreytt úrval námskeiða sem stendur öllum bæjarbúum til boða. Fjölskyldur og vinir ættu að skoða þennan möguleika.

Halldóra Björg umsjónarmaður Punktisins veitir allar upplýsingar um námskeiðin og opið starf Punktisins í síma 460-1244  
Verið velkomin á Punktinn.

Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður  
tómstundamála  
netfang: punkturinn@akureyri.is

## Foreldrafulltrúar bekkja

Foreldrafulltrúar allra bekkja geta nálgast handbók á vef félagsins sér til stuðnings.

Slóðin er:

<http://www.brekkuskoli.is/foreldrafelag>

## Vilt þú starfa með okkur í foreldrafélaginu?

Okkur vantar alltaf gott fólk til að starfa með okkur í stjórn foreldrafélagsins.

Fundir eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og starfið er gefandi og skemmtilegt.

Sérstaklega bjóðum við velkomna foreldra barna í 2., 7. og 9. bekk.

Hafið samband ef þið hafið áhuga,



Magni [mrm@internet.is](mailto:mrm@internet.is)  
Gísli [gislieinar@gmail.com](mailto:gislieinar@gmail.com)

## Fróðleikur um tölvuleiki - af [www.saft.is](http://www.saft.is)

Tölvuleikir eru hluti af tölvu- og tækniheimi nútímans. Mjög oft eru fyrstu kynni barna af tölvum í gegnum tölvuleiki og þeir eru vinsæl afþreying. Á tölvuleikjamarkaðnum er fjölbreytt úrval leikja og innihald þeirra er mjög mismunandi. Stór hluti tölvuleikja er alls ekki ætlaður börnum. Það er því mikilvægt að forráðamenn barns kynni sér þá leiki sem barnið leikur og sjái til þess að leikirnir hæfi þroska barnsins. Leikur á að vera skemmtilegur en á ekki að vekja ótta né fylla óþroskaðan barnshuga af ofbeldi eða öðru efni sem getur vakið vanlíðan eða komið inn ranghugmyndum.

### PEGI □ Aldursflokkamerkingar og innihaldsvísar

Allir nýir tölvuleikir bera aldursflokkunarkerfi Pan European Games Information (PEGI), samevrópskt flokkunarkerfi sem setur aldursmörk fyrir gagnvirka leiki. Kerfinu er ætlað að tryggja að ólögráða börn fari ekki í leiki sem eru ekki við hæfi þeirra aldurshóps. Kerfið nýtur stuðnings framleiðenda á leikjatölvum, þar á meðal PlayStation, Xbox, og Nintendo, sem og útgefenda og þróunaraðila gagnvirkra leikja um alla Evrópu. Flokkunarkerfið byggir á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum: Aldursflokkun og efnisvísun. Aldurshópar PEGI eru 3+, 7+, 12+, 16+ og 18+. Þeir gefa til kynna hvort efnislegt innihald leiksins sé skaðlegt börnum. Efnisvísar eru myndtákn aftan á hulstri leiksins sem lýsa innihaldi hans. Fjöldi efnisvísa getur verið allt upp í sex. Innihald leiksins er í samræmi við aldurflokkun hans. Saman gera aldursflokkunin og efnisvísarnir foreldrum og öðrum sem kaupa leiki handa börnum kleift að tryggja að leikurinn hæfi aldri barnanna. PEGI flokkunarkerfið segir ekki til um erfiðleikastig leikjanna. Leikur sem flokkaður er 3+ er talinn skaðlaus en gæti verið of flókinn fyrir 3 ára börn. Í verslunum með tölvuleiki eiga að vera plaköt með þýðingu merkinganna.

**Hafragrautur borinn fram alla daga!**

**kl. 07:45 - 08:00 og í fyrstu frímínútum í 8. - 10. bekk.**

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir